

# Vopnafjarðarhreppur

## Áætlun 2015-2017

Síðari umræða 7. nóvember 2013

Vopnafjarðarhreppur  
Hamrahlíð 15  
690 Vopnafjörður

Kt. 710269-5569

**Samantekið - A og B hluti**

	Skýr.	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016
<b>Rekstrarreikningur</b>				
<b>Tekjur:</b>				
Skatttekjur.....	311.988	314.588	317.734	322.500
Framlög jöfnunarsjóds.....	122.500	122.500	122.500	122.500
Aðrar tekjur.....	434.382	429.782	431.931	434.090
	<u>868.870</u>	<u>866.870</u>	<u>872.164</u>	<u>879.090</u>
<b>Gjöld:</b>				
Laun og launatengd gjöld.....	410.243	410.373	412.425	414.487
Annar rekstrarkostnaður.....	261.473	259.219	260.483	261.721
Afskriftir.....	47.912	51.182	53.432	54.519
	<u>719.628</u>	<u>720.774</u>	<u>726.340</u>	<u>730.726</u>
Niðurstaða án fjármagnsliða	149.242	146.096	145.825	148.364
<b>Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):</b>				
Vaxtatekjur og aðrar fjármunatekjur.....	0	0	0	0
Vaxtatekjur af kröfum á eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0
Vaxtagjöld og verðbætur.....	( 24.312 )	( 20.909 )	( 18.250 )	( 15.696 )
Vaxtagjöld af skuldum við eigin fyrirtæki.....	( 0 )	( 0 )	( 0 )	0
Gengismunur.....	0	0	0	0
	<u>( 24.312 )</u>	<u>( 20.909 )</u>	<u>( 18.250 )</u>	<u>( 15.696 )</u>
Rekstrarniðurstaða án framlaga.....	124.930	125.187	127.575	132.667
Framlög frá eigin sjóðum.....	0	0	0	0
Hlutdeild minnihluta í afkomu.....	0	0	0	0
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga.....	0	0	0	0
Tekjuskattur.....	0	0	0	0
	<u>124.930</u>	<u>125.187</u>	<u>127.575</u>	<u>132.667</u>
Rekstrarniðurstaða.....	124.930	125.187	127.575	132.667

**Samantekið - A og B hluti**

Skýr.	Áætlun 2014	Þriggja ára áætlun		
		Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
<b>Efnahagsreikningur</b>				
<b>Eignir</b>				
<b>Fastafjármunir:</b>				
<b>Varanlegir rekstrarfjármunir:</b>				
Fasteignir .....	651.059	717.019	780.730	842.191
Veitukerfi, hafnarmannvirki og götur .....	475.953	459.895	443.837	427.779
Vélar, áhöld og tæki .....	49.773	38.689	27.604	17.683
Leigugeignir .....	0	0	0	0
	<u>1.176.785</u>	<u>1.215.603</u>	<u>1.252.172</u>	<u>1.287.653</u>
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur:</b>				
Eignahlutir í félögum .....	65.979	65.979	65.979	65.979
Skatteign .....	0	0	0	0
Langtímakröfur .....	0	0	0	0
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0
	<u>65.979</u>	<u>65.979</u>	<u>65.979</u>	<u>65.979</u>
Fastafjármunir	1.242.764	1.281.582	1.318.151	1.353.632
<b>Veltufjármunir:</b>				
Birgðir.....	11.135	11.135	11.135	11.135
<b>Skammtímakröfur:</b>				
Önnheimtar tekjur .....	18.475	18.475	18.475	18.475
Skammtímakröfur á eigin fyrirtæki .....	0 (	0)	0 (	0)
Aðrar skammtímakröfur .....	51.257	51.257	51.257	51.257
Næsta árs afborganir langtímakrafna .....	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímakr. á eigin fyrirtæki .....	0	0	0	0
Verðbréf.....	0	0	0	0
Höndbært fé.....	109.848	151.628	199.758	256.868
Veltufjármunir	<u>190.715</u>	<u>232.495</u>	<u>280.625</u>	<u>337.735</u>
Eignir samtals	1.433.479	1.514.077	1.598.776	1.691.368

**31. desember**
**Eigið fé og skuldir**

<b>Eiginfjárreikningar:</b>				
Eigið fé.....	831.504	956.690	1.084.265	1.216.933
Hlutdeild minnihluta í eigin fé.....	0	0	0	0
	<u>831.504</u>	<u>956.690</u>	<u>1.084.265</u>	<u>1.216.933</u>
<b>Skuldbindingar:</b>				
Lífeyrisskuldbindingar.....	52.076	52.076	52.076	52.076
Tekjuskattskuldbinding.....	0	0	0	0
Aðrar skuldbindingar.....	12.189	12.189	12.189	12.189
	<u>64.265</u>	<u>64.265</u>	<u>64.265</u>	<u>64.265</u>
<b>Langtímaskuldir:</b>				
Skuldir við lánastofnanir.....	407.805	365.786	328.647	293.569
Leiguskuldir.....	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	(	0)	0	0
	<u>407.805</u>	<u>365.786</u>	<u>328.647</u>	<u>293.569</u>
<b>Skammtímaskuldir:</b>				
Skuldir við lánastofnanir.....	0	0	0	0
Reiknuð fjárbörf.....	0	0	0	1
Viðskiptaskuldir.....	0	0	0	0
Skuldir við eigin fyrirtæki.....	0	0	0	0
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	54.408	51.839	46.102	41.104
Næsta árs afborganir leiguskulda.....	0	0	0	0
Næsta árs afb. langtímaskulda við eigin fyrirtæki.....	0	0 (	0)	0
Aðrar skammtímaskuldir.....	75.497	75.497	75.497	75.497
	<u>129.905</u>	<u>127.336</u>	<u>121.599</u>	<u>116.601</u>
Skuldir og skuldbindingar samtals	601.975	557.387	514.511	474.435
Eigið fé og skuldir samtals	1.433.479	1.514.077	1.598.776	1.691.368



**Samantekið - A og B hluti**

	Skýr.	Þriggja ára áætlun			
		Áætlun 2014	Áætlun 2015	Áætlun 2016	Áætlun 2017
<b>Sjóðstremisýfirlit</b>					
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>					
Niðurstaða ársins.....	124.930	125.187	127.575	132.667	
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Reiknaðar afskriftir .....	47.912	51.182	53.432	54.519	
Verðbætur og gengismunur .....	14.146	10.987	10.065	9.186	
Hlutdeild minnihluta í afkomu .....	0	0	0	0	
Hlutdeild í afkomu dótturfélaga .....	0	0	0	0	
(Söluhagnaður) / tap rekstrarfjármuna .....	0	0	0	0	
(Söluhagnaður) / tap eignarhluta .....	0	0	0	0	
Tekjuskattur og aðrar breytingar .....	0	0	0	0	
Framlög frá eigin sjóðum .....	0	0	0	0	
Breyting á lífeyrisskuldbindingum .....	0	0	0	0	
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	186.988	187.355	191.072	196.372	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:					
Birgðir, lækkun (hækkun) .....	0	0	0	0	
Óinnheimtar tekjur, lækkun (hækkun) .....	0	0	0	0	
Aðrar skammtímakr., lækkun (hækkun) .....	0	0	0	0	
Skammtímaskuldir, lækkun (hækkun) .....	0	0	0	0	
Afborganir lífeyrisskuldbindinga .....	0	0	0	0	
Breytingar á rekstrart. eignum og skuldum	0	0	0	0	
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)	186.988	187.355	191.072	196.372	
<b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>					
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum.....	( 108.650 )	( 90.000 )	( 90.000 )	( 90.000 )	
Söluverð seldra rekstrarfjármuna.....	0	0	0	0	
Eignahlutir í félögum, breyting.....	0	0	0	0	
Langtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting.....	0	0	0	0	
Skammtímakröfur, breyting.....	0	0	0	0	
Fjárfestingarhreyfingar	( 108.650 )	( 90.000 )	( 90.000 )	( 90.000 )	
<b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>					
Framlög frá eigin fyrirtækjum.....	0	0	0	0	
Breyting á hlutafé.....	0	0	0	0	
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting.....	0	0 (	0 )	0	
Tekin ný langtímalán.....	0	0	0	0	
Afborganir langtímalána.....	( 53.920 )	( 55.575 )	( 52.942 )	( 49.263 )	
Langtímask. við eigin fyrirtæki, breyting.....	0 (	0 )	0 )	0	
Skammtímalán, breyting.....	0	0	0	0	
Fjármögnunarhreyfingar	( 53.920 )	( 55.575 )	( 52.942 )	( 49.263 )	
Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....	24.418	41.780	48.130	57.110	
Handbært fé (fjárbörf) í ársbyrjun .....	85.430	109.848	151.628	199.758	
Handbært fé (fjárbörf) í árslok .....	109.848	151.628	199.758	256.868	

# Greinargerð með þriggja ára áætlun

## Vopnafjarðarhrepps

2015-2017.

-Síðari umræða 7. nóv. 2013 -.



### Efni: Helstu forsendur rammaáætlunar fyrir árin 2015-2017

Spáð er að árin 2015 og 2016 muni umsvif í veltu aukast um 1 %, en 1,5 % árið 2017, vegna aukinna umsvifa í útgerð, fiskvinnslu og öðrum verkefnum, sem unnið er að og fólksfjölgunar, sem verður sökum þess. Í því sambandi má nefna þjónustu við Drekasvæðið, hugmyndir um umskipunarhöfn í Finnafirði, aukningu í vinnslu sjávarfangs, ferðaiðnað, og nýjungum í landbúnaði og þjónustugreinum almennt.

Tekjur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga eru áætlaðar óbreyttar á áætlunartímabilinu.

Áfram verður unnið að hagræðingu og aðhaldi á almennum rekstrargjöldum og launum á tímabilinu. Ráðgert er að rekstrargjöld verði eins á árinu 2015 eins og 2014 en aukist um 0,5 % árin 2016 og 2017, vegna aukinna umsvifa eins og að framan er getið. Útgjöld munu því hækka minna en nemur aukningu umsvifa í sveitarfélaginu. Aukin rekstrarhagkvæmni næst þannig í rekstri sveitarfélagsins í heild.

Rekstrartekjur hinna mismunandi deilda eru áætlaðar breytast með sama hætti og rekstrargjöld þó er gert ráð fyrir smávægilegri lækkun þessara tekna milli áranna 2014 og 2015 sökum þess að framlög vegna yfirtöku legudeildarinnar að Sundabúð verða lægri árið 2015 en 2014. Milli áranna 2015, 2016 og 2017 hækka þessar tekjur um 0,5 % hvert ár eins og rekstrargjöld almennt.

Áætlunin er á verðlagi ársins 2014.

Ekki er áætlað sérstaklega fyrir kjarasamningsbundnum launahækkunum því gert er ráð fyrir að þær leiði til hækkunar útsvars, sem mæti þeim launahækkunum að fullu. Miðað er við að laun ársins 2015 verði örlítið lægri en 2014, sem skýrist af hagræðingu, en aukist síðan um 0,5 % eins og önnur rekstrargjöld almennt á árunum 2016 og 2017.

Afskriftir eru hækkaðar til samræmis við hækkun afskriftarstofns.

Hér er gert ráð fyrir því að stöðugra ástand verði í efnhagsástandi þjóðarinnar enn verið hefur á umliðnum, árum og að verðbólgu draugurinn hafi að mestu verið kveðinn í kútinn. Þetta skiptir miklu máli í áætlanagerð og afkomu sveitarfélaga innan árs og



inn í framtíðina, enda þótt áætlun þessi sé gerð á föstu verðlagi ársins 2014 eins og fram hefur komið.

Áætlun þessi tekur mið af því að stigin hafa verið stór skref í niðurgreiðslu lána sveitarfélagsins. Í fjárhagsáætlun ársins 2014 er einnig gert ráð fyrir því að halda áfram á þeirri braut. Af þessum sökum verður rekstrarniðurstaða samstæðunnar betri en ella væri þar sem fjármagnskostnaður lækkar verulega. Þriggja ára áætlun sýnir að áfram skal halda á þessari braut. Hreint veltufé frá rekstri verður á bilinu 186,9 m.kr. til 196,3 m.kr. á tímabili áætlunarinnar, sem er 21,6 %-22,3 % af heildartekjum, sem verður að teljast ásættanlegt.

Öll árin 2014-2017 er gert ráð fyrir að hreint veltufé frá rekstri dugi vel fyrir öllum fjárfestingum og niðurgreiðslu þeirra lána sem greiða þarf niður. Á árinu 2014 verður þó ráðist í miklar fjárfestingar, sem brýnt er að vinna, enda margt setið á hakanum frá efnahagshruninu 2008. Ekki er áætlað að nein ný lán verði tekin á tímabilinu 2014-2017. Miðað við lánamassa sveitarfélagsins eins og hann er í dag eru afborganir ársins 2014 53,9 m.kr. ársins 2015 55,6 m.kr. og ársins 2016 52,9 m.kr. og ársins 2017 49,2 m. kr. .

Þrátt fyrir þetta er gert ráð fyrir að fjárfestingar á næsta ári verði um 12,8 % heildartekna og að liðlega 10 % heildartekna gangi til fjárfestinga á áætlunartímabili þriggja ára áætlunarinnar 2015-2017.

Svigrúm sveitarfélagsins til ýmisra aðgerða er þó töluvert mikið meira þar sem handbært fé er verulega jákvætt allt tímabilið og er 256,8 m.kr. í árslok 2017. Af þessu sést að svigrúm sveitarfélagsins til frekari fjárfestinga eða fjárfrekra aðgerða er talsvert umfram það sem ráðgert er. Auk þess væri mögulegt að greiða lán hraðar niður en áætlunin sýnir.

Með þessu móti er farin varfærin leið og miðað við að eiga borð fyrir báru komi upp óvænt útgjöld, sem ekki eru fyrir séð eða ef forsendur fjármála þjóðarskútunnar bresta eins og við erum brennimerkt af eftir fjármálakrisuna sem við höfum upplifað frá árinu 2008.

Í ársreikningi 2012 voru skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins 101 % af heildartekjum, sem er vel undir þeim viðmiðunarmörkum sem sveitarfélögum eru sett í nýjum sveitarstjórnarlögum en þar er miðað við að þetta hlutfall megi helst ekki fara yfir 150 % markið. Mörg sveitarfélög eru langt yfir þessu marki og í nýju sveitarstjórnarlögunum er gefinn 10 ára aðlögunartími fyrir sveitarfélögin að ná því að fara niður í eða niður fyrir þetta mark. Hér er gengið mun hraðar til verks og áætlað er að á árinu 2013 verði þetta hlutfall komið í 92,6 % og lækki síðan í 69,3 % 2014, 64,3 % 2015, 58,9 % 2016 og verði í lok tímabils 2017 53,9 %.

Árangur af þessu tagi gefur sveitarfélaginu verulegt andrými inn í framtíðina til þess að sinna skyldum sínum vel og sjá til þess byggja upp og viðhalda mannvirkjum sveitarfélagsins með ásættanlegum hætti án þess að taka lán. Stefna sú sem sett er fram í áætluninni mun til lengri tíma litið skila betri og meiri þjónustu til íbúanna en áður hefur verið unnt að veita. Gleðilegt er að geta nýtt fjármuni sem áður fóru í fjármagnskostnað til þess að byggja upp betri þjónustu við íbúa og fyrirtæki í sveitarfélaginu.

Sveitarfélagið mun leggjast af krafti á árar við það að efla atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu í samvinnu við einstaklinga og fyrirtæki sem vinna að uppbyggingu atvinnulífs. Í því sambandi er búið að samþykka að stofna sérstakan



atvinnueflingarsjóð Vopnfirðinga, sem ætlað er að styðja við góð nýsköpunarverkefni og atvinnuuppbyggingu almennt til samræmis við reglur sjóðsins.

HB Grandi hefur unnið að verulegri uppbyggingu í fiskiðjuveri sínu á staðnum. Lokið hefur verið við nýja fiskimjölsverksmiðju, mjölgeymslur og rafskautahús o.fl. Ennfremur hefur verið unnið að lagfæringum á vinnsluferlum þ.a. unnt sé að vinna makríl til manneldis, til viðbótar við þá vinnslugetu sem þegar er til staðar á staðnum, en á yfirstandandi ári veiddist verulegt magn þessa fiskjar og tókst vel til með vinnslu hans og er vonast til að svo verði einnig næstu árin. Eftir miklu er að slægjast í þessu sambandi, þar sem makrillinn er ákaflega verðmikill fiskur. Hvernig gengur í þessum geira er að sjálfsögðu háð því hvernig veiðist á hverjum tíma. Helstu fiskistofnar sem koma inn til vinnslu á Vopnafirði eru síld bæði íslenski -og norskíslenski stofninn, makrill, loðna og kolmuni. Hagvöxtur á Vopnafirði ræðst af því hvernig veiðist úr þessum stofnum.

Í ár tókst að ljúka tengingu Vopnafjarðar við Hringveginn með bundnu slitlagi og gera nýja tengingu inn í þéttbýli sveitarfélagsins. Strax hefur komið í ljós að framkvæmd þessi hefur gríðarleg áhrif á flutninga til og frá Vopnafirði og umferðaröryggi eykst til muna. Jafnframt var lokið við svokallaða Millidalaleið sem tengir Vesturárdal og Hofárdal saman inn til dala, en slík tenging hefur ekki verið til staðar fram að þessu. Allar þessar framkvæmdir í vegamálum í sveitarfélaginu munu hafa góð áhrif á atvinnu- og mannlíf á Vopnafirði.

Eins og fram hefur komið er ráðgert að fjárfestingar sveitarfélagsins verði um 10 % af heildartekjum eða um 90 m.kr. öll ár tímabilsins. Helstu framkvæmdir sem þarf að ráðast í eru gatna og gangstétta mál í þéttbýlinu, útrásamál, lagfæring sundlaugar, búnaðarkaup í skóla og endurnýjun húsnæðis í skóla, íþróttahúsi, Sundabúð og hóteli svo e-ð sé nefnt. Jafnframt þarf að halda áfram með endurbætur á vatnsveitu bæjarins, en þar hafa verið stigin góð skref á liðnum árum. Ennfremur verður ráðist í margvísleg minni verkefni og reynt verður að ná góðum skrefum í viðhaldi bygginga sveitarfélagsins.

Með þessari áætlun er mörkuð sú meginstefna að rekstrarafkoma sveitarfélagsins verði jákvæð öll ár áætlunartímabilsins. Vasklega verði staðið að niðurgreiðslu lána, þrátt fyrir að vel verði staðið að helstu fjárfestingum, sem nauðsynlegt er að vinna að. Jafnframt verði þess gætt að hafa gott aðhald á rekstrarútgjöldum í samvinnu við öflugt starfsfólk sveitarfélagsins. Með þessu móti tekst að lækka fjármagnskostnað og rekstrarkostnað verulega og auka handbært fé frá rekstri, sem nýtt verður til að bæta þjónustu sveitarfélagsins við íbúa og fyrirtæki.

Til þess að ná fram settum markmiðum er gert ráð fyrir að hagræða í rekstri sveitarfélagsins almennt, án þess þó að það komi niður á þjónustu þess. Reynt verður að losna frá rekstrareiningum sem sveitarfélagið hefur af ýmsum ástæðum þurft að taka að sér, en er ekki skyldugt að standa undir. Slíkar aðgerðir létta á greiðslustöðu hvers árs og minnka þörfina fyrir nýjar lántökur.

Áætlun sú sem hér liggur fyrir er unnin við meira öryggi en verið hefur á síðustu árum. Betra er að spá um nánustu framtíð, þegar tekist hefur að ná tangarhaldi á verðbólgunni og peningamálum landsins. Hér er gert ráð fyrir því að öllum rekstrareiningum sveitarfélagsins verði haldið í góðu horfi. Grunnrekstur sveitarfélagsins verði tryggður þrátt fyrir það að erfiðir tímar hafa verið frá efnahagshruni þjóðarinnar. Átak er gert í niðurgreiðslu skulda, sem eykur ráðstöfunarfé sveitarfélagsins verulega inn í framtíðina bæði fyrir það að fjármagnskostnaður lækkar til muna og einnig fyrir það að afborganir lána verða mun lægri en ella væri.

Hreint veltufé frá rekstri mun nýtast til þess að kosta allar áætlaðar framkvæmdir sveitarfélagsins og greiða niður lán. Engin ný lán verða tekin á tímabili áætlunarinnar.


Allar þessar aðgerðir samvegið munu leiða til þess að styrkur sveitarfélagsins mun aukast verulega til þess að sinna skyldum sínum í framtíðinni.

Nái allt þetta fram að ganga er ljóst að styrkur sveitarfélagsins verður mikill og framtíðin björt.

Hér hefur verið hlaupið á helstu forsendum er liggja að baki þeirri þriggja ára áætlun Vopnafjarðarhrepps, sem lögð er fram til síðari umræðu hér í dag.

Vopnafirði 7. nóv. 2013.

Þorsteinn Steinsson  
Sveitarstjóri

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Þorsteinn Steinsson', written over the printed name and title.